

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/582*  
*komudagur 10.12.2003*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2003

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs, þskj. 35. - 35. mál, 130. löggjafarþing 2003-2004.**

Lýðheilsustöð þakkar félagsmálanefnd fyrir að fá ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar.

Lýðheilsustöð styður tillögu um að félagslegt forvarnastarf verði eftt og að til þess verði framlag ríkissjóðs í Forvarnasjóð hækkað.

Það er almennt viðurkennt að áhrifaríkar forvarnir felist í uppeldi og menntun barna sem skilar þeim sterkum til fullorðinsára og færur um að fást við hvers kyns áskoranir sem þau munu óhjákvæmilega mæta á lífsleiðinni. Þó ábyrgð foreldra, með nærgætni, virðingu og handleiðslu í uppeldinu að leiðarljósi, vegi þyngst verður mikilvægi virks félags- og íþróttastarfs til að þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks seint ofmetið. Lýðheilsustöð fagnar tillögu um að efla félagslegt forvarnastarf en bendir jafnframt á mikilvægi þess að meta forvarnaverkefni sem efnt er til með tilliti til settra markmiða, framkvæmdar, kostnaðar og árangurs.


Með stofnun Lýðheilsustöðvar 1. júlí 2003 færðist umsýsla Forvarnasjóðs frá áfengis- og vímuvarnaráði til stöðvarinnar. Við þá breytingu er fyrirsjáanlegt að sjóðurinn nýttist til fjölbreytilegri verkefna en hingað til. Forvarnasjóður hefur haft til umráða 70 - 80 milljónir kr. árlega undanfarin ár. Ástæða er til að benda á að þessar upphæðir sem varið er til **forvarna** af opinberu fé eru mun lægri en þær sem varið er til **meðferðar** við áfengis- og vímuefnafíkn. Hluta af Forvarnasjóði hefur verið varið til rekstrar ráðsins en megninu verið úthlutað til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna samkvæmt lögum um gjald á áfengi nr. 96/1995 og lögum um áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998. Styrkjum úr sjóðnum hefur gjarnan verið varið til verkefna og starfs í sveitarfélögum á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Mörg þessara verkefna hafa víðari skírskotun en áfengis- og vímuvarnir. Við úthlutun úr Forvarnasjóði hefur verið stefnt að því að efla frumkvæði til forvarnastarfs í heimabyggð því misjafnt er hvað hentar á hverjum stað og hvaða þekking, úrræði og

fjárráð eru fyrir hendi. Rætt hefur verið um að æskilegt væri ef sveitarfélög, sem ekki hafa bolmagn til að standa að öflugum félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga í byggðarlaginu, hefðu aðgang að ákveðnu fjármagni til að efla slíkt starf sem viðast. Viðbót við Forvarnasjóð eins og lögð er til í þingsályktunartillögum gæti gert þetta mögulegt á fleiri en einn hátt.

Samstarfsverkefni áður áfengis- og vímuvarnaráðs en nú Lýðheilsustöðvar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem nefnist „Vertu til“, var hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2003. Verkefnið snýst um að efla áfengis- og vímuvarnir í sveitarfélögum landsins. Lögð er áhersla á að veita sveitarfélögum um allt land stuðning með ráðgjöf og upplýsingamiðlun um skipulag og framkvæmd forvarnastarfs, m.a. á grundvelli reynslu af eldri verkefnum sem hafa verið metin faglega. Til verkefnisins verður varið 4,5 milljónum kr. af Forvarnasjóði og 1 milljón kr. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til árin 2003-2005. Ljóst er að það fé er hvergi nóg og standa vonir til að efla megi verkefnið með framlögum annars staðar frá.

Loks skal bent á skýrslu starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um fíkniefnafræðslu og forvarnir frá 2002, rannsóknir á lífsstíl ungs fólks og mati á *Íslandi án eiturlyfja* og sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins. Öll þessi gögn eru afrakstur umfangsmikils samstarfs undanfarinn áratug og munu vafalítið koma að gagni við stefnumótun í forvörnum og heilsuefningu í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

  
Lýðheilsustöð  
Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri